

Fundur haldinn fimmtudaginn 06. mars 2014 kl. 10:00 í Hermes Reyðarfirði.

Mættir: Páll Björgvin Guðmundsson og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður. Gunnþórunn Ingólfssdóttir formaður stjórnar og Björn Ingimarsson voru í símasambandi.

### Dagskrá fundarins.

1. Málefni fatlaðs fólks - Skýrsla um flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga <http://www.samband.is/media/thjonusta-vid-fatlada/Skyrsla-um-stodu-yfirfaerslunnar-2013---endanleg.pdf>
  2. Talmeinaþjónusta
  3. Sálfræðiþjónusta
  4. PISA2012 [http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/pisa\\_2012/PISA\\_2012\\_island.pdf](http://www.namsmat.is/vefur/rannsoknir/pisa/pisa_2012/PISA_2012_island.pdf)
  5. Önnur mál
- 
1. Skýrsla um flutning málefna fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga var rædd og staða þjónustusvæðisins, framtíðaruppbygging o.fl. Einnig var rætt bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til Velferðarráðuneytis dags. 26. febrúar sl. um áframhaldandi vinnu við leiðbeiningar, gátlista o.fl. og um hugsanlegar breytingu á 5. gr. reglugerðar 1054/2012. Megin tilgangur með breytingu á 5. gr. reglugerðar 1054/2012 er að taka af skarið um lögformlega stöðu SIS-matsins og að útfærslan verði skýr. Forstöðumanni falið að taka saman punkta í samræmi við umræðuna og senda til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Forstöðumaður sagði frá síðasta fundi þjónustuhóps SKA og samþykkt sem þar var lögð til, 16 stundir á viku vegna frekari liðveislu. Úthlutunin verður endurskoðuð 1. október nk. Samþykkt.
  2. Forstöðumaður greindi frá því að tveir aðilar hafi haft samband vegna áhuga á að veita talmeinaþjónustu á svæðinu. Annar er menntaður talmeinafræðingur og leitar eftir hlutastarfi talmeinafræðings til viðbótar einkarekstri. Hinn aðilinn er að útskrifast í vor sem talmeinafræðingur og ætlar að setjast að á svæðinu og setja upp einkarekstur. Framkvæmdarstjórn fagnar þessum áhuga og telur eðlilegt að greiða götur með því að koma á tengslum milli þjónustuaðila innan svæðisins og vekja athygli á þjónustunni þegar hún verður komin af stað.
  3. Forstöðumaður sagði frá hvernig brugðist er við vegna fæðingarorlofs Kolbjargar Lilju Benediktsdóttur sálfræðings. Hugrún Sigurjónsdóttir sálfræðingur mun sinna áframhaldandi verktakavinnu og hefur þegar komið eina ferð austur. Einnig hefur Skólaskrifstofan ráðið Maríu Huld Ingólfssdóttur sálfræðing tímabundið í 50% starf til að sinna sálfræðiþjónustu með fjarþjónustu og símaráðgjöf. Framkv. stjórn samþykk fyrir sitt leyti.
  4. PISA2012 Rætt var um niðurstöðu PISA2012 og útkomu Austurlands. Unnin hefur verið frekari greining fyrir Fljótsdalshérað og Fjarðabyggð á niðurstöðum PISA2012. Forstöðumaður sagði frá því að til stendur að fá fulltrúa frá Námsmatsstofnun til að koma austur til fundar um PISA2012, með skólastjórnendum og öðrum áhugasömum.
  5. Önnur mál. Forstöðumaður sagði frá umsókn Skólaskrifstofunnar í Sprotasjóð í samstarfi 9 grunnskóla á svæðinu vegna innleiðingar á lestrarkennsluaðferðinni Byrjendalæsi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:20.

Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson